

# Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (Reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Förch Truck smurefni, með tefloni, S417**  
 Vörunúmer: **349 6500 5585 500 ml**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Smurefni blandað Tefloni með mikla viðloðun.  
 Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.

1.3 Söluaðili: **AB Varahlutir ehf.** Framleiðandi: Theo Förch GmbH  
 Funahöfða 9 D-74196 Neuenstadt  
 110 Reykjavík Þýskalandi  
 Sími: 567 6020 00-49-7139/95-0  
 Netfang: [ab@ab.is](mailto:ab@ab.is) [info@foerch.de](mailto:info@foerch.de)  
 Veffang: [www.ab.is](http://www.ab.is) [www.foerch.com](http://www.foerch.com)

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

## 2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum	Eldf.úðæfni 1
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	Úðabr. 1
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	Eit.v.ásvelg.1
H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv.eit.á vatn 2

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki:



Viðvörðunarorð: **HÆTTA**

Hættusetningar

H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H315	Veldur húðertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
EUH208	Inniheldur: Úrdrag (extract) úr sætum appelsínum. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. - Reykingar bannaðar

P211	Má ekki úða á opinn eld eða annan hita- og neistagjafa.
P251	Þrýstihylki: Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.
P261	Gætið þess að anda ekki inn úða/gufu/ýringi.
P273	Forðist losun út í umhverfið.
P280	Notið hlífðarhanska.
P312	Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni ef lasleika verður vart.
P410+P412	Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C.

**Inniheldur:** Nafta (úr jarðolíu) vetnismeðhöndlað - létt, pentan.

Sprengihætta við upphitun.

Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti, sé loftræsting ófullnægjandi.

### 2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB (<0,1%).

(PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

## 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Bútan			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119474691-32	Innihald %	20 - 40
Raðnúmer	601-004-00-0	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	203-448-7	H-setningar	-
CAS	106-97-8	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf. loft. - H220			

Pentan			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	10 - <25
Raðnúmer	601-006-00-1	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	203-692-4	H-setningar	-
CAS	109-66-0	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 2 - H225, Eit.v.ásvelg.1 - H304, SEM-VES 3 - H336, Langv.eit.á vatn 2 - H411			

Nafta (úr jarðolíu), vetnismeðhöndlað, létt			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	10 - <20
Raðnúmer	649-328-00-1	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	265-151-9	H-setningar	-
CAS	64742-49-0	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 2 - H225, Eit. v. ásvlg.1 - H304, Húðert.2 - H315, SEM-VES 3 - H336, Langv.eit.á vatn - H411			

Própan			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119486944-21-xxxx	Innihald %	1 - 10
Raðnúmer	601-003-00-5	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	200-827-9	H-setningar	-
CAS	74-98-6	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf. loft. - H220			

Úrdrag (extract) úr sætum appelsínú			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	0,1 - 1,0
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	232-433-8	H-setningar	-
CAS	8028-48-6	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 3 - H226, Eit.v.ásvelg. 1 - H304, Húðert.2 - H315, Húðnæm.1 - H317, Bráð eit.á vatn 1 - H400, Langv.eit.á vatn 1 - H410			

Annað:

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærubreytur í 8. lið.

---

## 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

---

### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

<b>Almennt</b>	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
<b>Innöndun</b>	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.
<b>Snerting við húð</b>	Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.
<b>Snerting við augu</b>	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolon. Leitið lækni ef þörf krefur, sýnið öryggisblaðið.
<b>Inntaka</b>	Hreinsið munn vandlega með vatni. Leitið strax lækni. Framkallið ekki uppköst. Ásvelgingarhætta.

### 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir. Einkenni: Ertung í augum og öndunarvegi, hósti, höfuðverkur, svimi, áhrif á miðtaugakerfi. Langtímaeinkenni: Affitun, þurrkur og sprungur í húð.

### 4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniþönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

---

## 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

---

### 5.1 Slökkvibúnaður:

<b>Hentugur slökkvibúnaður:</b>	Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða. Notið alkóhólþolna froðu eða vatnsúða á mikinn eld.
<b>Óhentugur slökkvibúnaður:</b>	Beinn vatnsgeisli.

### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, eittraðar gufur, eld- og sprengifimar blöndur með lofti. Sprengihætta við upphitun. Gufa getur borist nokkra leið með gólfi að eld- og neistagjöfum.

### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

---

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

---

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægið alla hita,- eld- og neistagjafa. Reykið ekki. Notið persónuhlífar.

### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Við losun gufu skal tryggja góða loftræstingu. Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Eld- og sprengifimar blöndur með lofti geta myndast.

### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

## 7. Meðhöndlun og geymsla

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægjið eld- og neistagjafa. Forðist hátt hitastig og úðið ekki á heita fleti. Sprengifimar blöndur með lofti geta myndast. Notið ekki í lokuðum rýmum. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum og eldvörðum stað. Gufa er þyngri en loft og getur legið með gólfi. Forðist hátt hitastig (>50°C), beint sólarljós, opinn eld og aðra íkveikjuvalda.

### 7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

### 8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m <sup>3</sup>	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m <sup>3</sup>	Annað
Bútan	600	1450	750	1810	WEL
Pentan	600	1800	1000	3000	WEL
Própan		1000			WEL
Nafta (úr jarðolíu), vetnismeðhöndlað, létt		350			WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtíamörk váhrifa (8 klst/dag).

Úrdrag (extract) úr sætum appelsínnum					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	8,89	mg/kg/líkamsþ/d
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Skammtíma	DNEL	0,1858	mg/cm <sup>2</sup>
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	31,1	mg/m <sup>3</sup>
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	4,44	mg/kg/líkamsþ/d
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	4,44	mg/kg/líkamsþ/d
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Skammtíma, staðbundið	DNEL	7,78	mg/m <sup>3</sup>
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Skammtíma	DNEL	0,929	mg/cm <sup>2</sup>
Umhverfi	Sjór		PNEC	0,54	mg/l
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	5,4	mg/l
Umhverfi	Ferskvatn set		PNEC	1,3	mg/l
Umhverfi	Sjór set		PNEC	0,13	mg/l
Umhverfi	Jarðvegur		PNEC	0,261	mg/kg/líkamsþ/d
Umhverfi	Hreinsistöðvar		PNEC	2,1	mg/l
Umhverfi	Vatn, losun af og til		PNEC	5,77	mg/l
Umhverfi	Fóður		PNEC	13,3	mg/kg fóður

### 8.2 Váhrifavarnir:

#### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskól og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

#### Persónuhlífar

#### Augnhlífar

#### Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

Notið efnapolna hlífðarhanska úr nitrilgúmmí. (EN374, >=0,4 mm, gegnstreymistími >480 mín).

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

#### Húð - annað

Mælt er með notkun langerma efnahelds vinnufatnaðar og öryggiskófataðar. (EN20345).

#### Öndunarfæri

Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu með síu A (brúnn).

Við háan styrk ætti að nota sjálfstæðan öndunarbúnað (EN137, EN138).  
Athugið takmarkanir á notkunartíma búnaðar.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi (aerosol)
Lykt:	Vetniskolefnalykt
Litur:	Ljós gulur
Gufuþrýstingur (20°C):	2,5-3,5 bar
Eðlismassi við 20°C:	0,652 g/cm <sup>3</sup>
Leysanleiki í vatni:	Óleysanlegt
Sprengifimi:	Varan er ekki sprengifim, getur myndað eld- og sprengifimar blöndur með lofti.
Oxandi eiginleikar:	Nei

### 9.2 Aðrar upplýsingar:

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Möguleg uppsöfnun eld- og sprengifimrar gufu.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, opinn eldur og aðrir íkveikjuvaldar, stöðurafragn. Sprengihætta við upphitun. Þrýstihylki: Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C. Ekki skal gata eða brenna brúsa eftir notkun.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, eitraðar gufur, eld- og sprengifimar blöndur með lofti. Sprengihætta við upphitun. Gufa getur borist nokkra leið með gólfi að eld- og neistagjöfum.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Pentan	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD <sub>50</sub>	>2000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturrhif, innöndun	LC <sub>50</sub>	>5	mg/l/4 klst	rotta	OECD 403
Húðæting/erting		Neikvætt			OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Væg erting			OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			OECD 406
Stökkbreytingar gerla		Neikvætt			OECD 471
Krabbamein		Neikvætt			
Eiturrhif á æxlun		Neikvætt			OECD 416
Ertning í öndunarvegi		Neikvætt			
Eiturrhif á marklíffæri		Sljóleiki og svimi			
Ásvelgingarhætta		Já			
Einkenni	Affitun húðar, andnað, hósti, sóthiti, svimi, höfuðverkur, erting í slímhúðum, sljóleiki, magaverkir, ógleði, uppköst, meðvitundarleysi, sviði í koki og nefi				

Nafta (úr jarðolíu), vetnismeðhöndlað, létt	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD <sub>50</sub>	>2000	mg/kg	mús	
Bráð eiturrhif, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	>2000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturrhif, innöndun	LC <sub>50</sub>	>5	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Ertandi			
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt			
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			
Ásvelgingarhætta		Já			
Einkenni	Meðvitundarleysi, höfuðverkur, svimi, sljóleiki, truflanir á hjarta og æðakerfi, þreyta, erting í slímhúðum, ógleði, uppköst.				

Úrdrag (extract) úr sætum appelsínnum					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	4400	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrif, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	>2000	mg/kg	kanína	
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt		kanína	OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Næmandi			OECD 429
Stökkbreytingar gerla		Neikvætt			
Eitrun æxlunarfæra	NOAEL	591	mg/kg/lik.p.	rotta	
Endurtekin eiturrif	LOAEL	1000	mg/kg/lik.p.	mús	Engar vísbendingar
Ásvelgingarhætta		Já			
Einkenni	Erting í slímhúðum				

Bútan					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, innöndun	LC <sub>50</sub>	658	mg/l/4 klst	rotta	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Einkenni	Skortur á samhæfingu, öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, hjartsláttartruflanir, höfuðverkur, krampi, vímuáhrif, svimi, vanlíðan, uppköst.				

Própan					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Einkenni	Öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, kal, erting í slímhúðum, krampi, svimi, vanlíðan, uppköst.				

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturrif:

Förch Truck smurefni, með tefloni, S417 500ml					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Annað	Inniheldur engin AOX efni (lífræn efni með halogenum sem geta aðsogast)				
Annað	DOC 80% (28d)				

Bútan					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	2,28			Uppsöfnun ekki líkleg
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt

Pentan					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrif	LC <sub>50</sub>	4,26 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturrif	EC <sub>50</sub>	2,7mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturrif	EC <sub>50</sub>	10,7 mg/l	72 klst	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		87,0%	28 d		
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	3,39			
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt

Nafta (úr jarðolíu), vetnismedhöndlað, létt					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrif	LC <sub>50</sub>	2,5 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturrif	EC <sub>50</sub>	1-<10 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturrif	EC <sub>50</sub>	1-<10 mg/l		Þörungar	
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	4,0-5,1			
Leysanleiki í vatni	Óleysanlegt				

Úrdrag (extract) úr sætum appelsínnum					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrif	LC <sub>50</sub>	0,7 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturrif	EC <sub>50</sub>	0,67 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202 (límonen)
Eiturrif	ErC <sub>50</sub>	150 mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot		>90%	28 d		OECD 301 D
Uppsöfnun í lífverum	BCF	32-156			
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	>4			
Dreifanleiki í jarðvegi	H (Henry)	0,00012	atm m <sup>3</sup> /mól		Ísogast ekki í jarðveg
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt
Leysanleiki í vatni	3,48-1767,3 mg/l við 25°C				






Própan					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	2,28			Uppsöfnun ekki líkleg
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

<b>Vara</b>	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best. Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum: 13 02 05 (vélar-, gír- og smurolíur sem gerðar eru úr jarðolíum og eru án klórs) 16 05 04 (gaskennend efni í þrýstihylkjum (þar með talin halón) sem innihalda hættuleg efni)
<b>Óhreinarn umbúðir</b>	Óhreinarn umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Gatið ekki eða skerið í tæmdar umbúðir. Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum: 15 01 04 (málmumbúðir)

## 14. Upplýsingar um flutninga

<b>ADR:</b>		<b>Varúðarmerking</b>
<b>UN Númer</b>	1950	
<b>Efnisheiti v. flutninga:</b>	AEROSOLS	
<b>Hættuflokkur:</b>	2.1	
<b>Pökkunarflokkur:</b>	-	
<b>Hættuundirflokkur:</b>	5F	
<b>Jarðgangaflokkun:</b>	D	
<b>Mengunarahætta:</b>	Nei	
<b>IMDG:</b>		
<b>UN Númer</b>	1950	
<b>Efnisheiti v. flutninga:</b>	AEROSOLS (PENTANES)	
<b>Hættuflokkur:</b>	2.1	
<b>EmS:</b>	F-D, S-U	
<b>Pökkunarflokkur:</b>	-	
<b>Mengunarahætta:</b>	Nei	
<b>IATA:</b>		
<b>UN Númer</b>	1950	
<b>Efnisheiti v. flutninga:</b>	AEROSOLS, FLAMMABLE	
<b>Hættuflokkur:</b>	2.1	
<b>Pökkunarflokkur:</b>	-	

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.  
VOC (EB 2010/75) 493 g/l

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

## 16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H220	Afar eldfim lofttegund
H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H226	Eldfimur vökvi og gufa
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H315	Veldur húðertingu

H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H400	Mjög eitrað lífi í vatni
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 2/22.10.2019

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

**THEO FÖRCH GMBH**  
**SAFETY DATA SHEET according to Regulation (EC) No 1907/2006, Annex II**  
**6500 5585 FÖRCH TRUCK HP ADHESIVE GREASE WITH PTFE S417 500ML**

Útgáfa:

22.02.2019 Útgáfa 0012